

Flóra Skagafjarðar – helztu sérkenni

Hörður Kristinsson

Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri

1. Inngangur

Guðbrandur Magnússon kennari á Siglufirði rannsakaði fyrstur skipulega Flóru Skagafjarðar frá yztu annesjum inn til jökla, og birti um það grein í 17. bindi Skagfirðingabókar árið 1988. Hann naut við það fulltingis tveggja skagafirzkra bænda, sem þekktu vel til plantna, þeirra Guðmundar Sigurðssonar á Lundi í Fljótum og Hjörleifs Kristinssonar á Gilsbakka sem báðir birtu smágreinar um gróður sinna landareigna (Sigurðsson G. 1968, Kristinsson H. 1968). Guðbrandur taldi um 320 tegundir til Flóru Skagafjarðar, ef frá eru skildir undaflar. Hann lýsti einnig gróðurfari í héraðinu, vakti meðal annars athygli á þeim mikla mun sem kemur fram í tegundasamsetningu útsveita og innsveita, svipað og víðar er á Norðurlandi. Það munu vera um 15 tegundir sem eru einkennandi fyrir útsveitirnar austan Skagafjarðar, sem vantar alveg í innsveitum. Álíka margar innsveita tegundir finnast ekki í útsveitunum.

Enn þann dag í dag byggir Gagnagrunnur Náttúrufræðistofnunar verulega á upplýsingum frá ferðum Guðbrands um héraðið, en hann skilaði til Náttúrugripasafnsins á Akureyri vettvangsspjöldum frá flestum 10 x 10 km reitum Skagafjarðarsýslu. Lausleg samantekt á gagnagrunninum í dag bendir til að 355 tegundir megi telja til Flóru Skagafjarðar af 465 tegundum í landinu öllu. Er þá talið með sömu aðferðum og Guðbrandur gerði, þ.e. að undanskildum undaflum og undirtegundum maríustakka. Sá mismunur sem þarna kemur fram á sér ýmsar skýringar. Þótt Guðbrandur safnaði ýmsum eldri heimildum mun honum hafa yfirsétt um fáeinar tegundir, og nokkrar hafa fundizt síðar. Einnig hefur afmörkun tegunda tekið breytingum, en mestu munar um slæðinga sem hafa ílenzt og nýja landnema í flórunni sem breiðst hafa út.

2. Hvað skapar tegundafjölbreytni?

Á fyrri hluta síðustu aldar var mikið um að grasafræðingar og áhugamenn um plöntur gerðu nákvæma úttekt á einstökum hlutum landsins og skrifuðu héraðsflóru. Á síðari árum hefur lítið verið um slíkar athuganir, og upplýsingum um plöntur hefur verið safnað í miðlægan gagnagrunn, sem hægt er að sækja upplýsingar úr fyrir einstaka landshluta. Þetta hefur valdið því, að upplýsingar um gróður einstakra svæða eru ekki eins aðgengilegar fyrir almenning og áður var. Gagnagrunnurinn gefur hins vegar möguleika á miklu fjölbreytilegri úrvinnslu.

Fyrir löngu var ljóst, að fjölbreytni tegunda er mismunandi í einstökum landshlutum. Það sem ræður er fyrst og fremst fjölbreytni þeirra gróðurskilyrða sem landið býður upp á. Þar sem margs konar skilyrði og loftslag bjóðast á takmörkuðum svæðum, er fjölbreytnin mest. Mörg vötn, há fjöll, snjóþyngsli á láglandi, heitt loftslag, hafrænt og landrænt loftslag, sjávarstrendur, mishæðótt landslag og jarðhitasvæði eru allt þættir sem bjóða ákveðnum plöntum skilyrði. Ef einhver landshluti gæti boðið upp á allt þetta, mundi hann hafa fleiri tegundir plantna en nokkur annar.

Fjöldi tegunda í flóru Skagafjarðar markast því mjög af því, hvað héraðið getur boðið upp á af þessum skilyrðum. Um 215 íslenskra tegunda eru útbreiddar um allt landið og óháðar landshlutabundnum aðstæðum. Þessar tegundir vaxa því að sjálfsögðu allar í Skagafirði eins og annars staðar. Hinar 250 tegundirnar eru ýmist sjaldgæfar eða takmarkaðar við einstaka landshluta, sem oft ræðst af loftslagsskilyrðum og landslagi, en stundum einnig af sögulegum þáttum eins og hvar og hvenær tegundin barst til landsins. Spurningin er því sú, hvaða skilyrði Skagafjörður býður upp á til að krækja í sem mest af þessum tegundum. Mun ég nánar gera grein fyrir því hér að neðan.

2.1. Snjóháðar láglandisplöntur.

Ekkert eitt atriði stuðlar betur að því að auðga Flóru Skagafjarðar heldur en tilvist Tröllaskagans. Í fyrsta lagi skapar hann einhver snjóþyngstu láglandissvæði landsins í Fljótum og Almenninum, og dregur þannig að sér nánast allar tegundir sem háðar eru öruggri snjóþekju mestan hluta vetrar. Í öðru lagi hefur hann mun

hærri fjöll en eru vestan Skagafjarðar, og þeim fylgja ýmsar háfjallaplöntur. Í þriðja lagi virðast Hraun í Fljótum hafa sérlegt aðdráttarafl fyrir sjaldgæfar plöntur af ýmsu tagi, með sínu fjölbreytta landslagi og framhlaupum í næsta nágrenni.

Við getum skoðað útbreiðslukort skollakambs sem sýnishorn af útbreiðslumynstri hinna kröfuharðari snjóældaplantna á láglandi. (1. mynd). Þar sést vel hvaða þýðingu vesturhluti Tröllaskagans hefur fyrir Flóru Skagafjarðar. Aðrar tegundir sem fylgja þessu snjóþunga svæði eru þúsundblaðarós, hjartafífill, bláklukkulyng, sóldögg, eggvíblaðka, ígulstör, keldustör og dúnhulstrastör¹. Nokkrar til viðbótar eru háðar snjóþyngslum á láglandi, en gera vægari kröfur og finnast því einnig vestan Skagafjarðar en eru miklu sjaldgæfari þar: Litunarjafni, lyngjafni, skjaldburkni, skollaber og hárdepla.

2.2. Háfjallaplöntur.

Örfáar tegundir háfjallaplantna finnast eingöngu austan megin í fjallendi Skagafjarðar. Ein þeirra er fjallabláklukka sem er þekkt frá Viðvíkurfjalli um Hofsstaðafjall suður í Sólheimafjall í Blönduhlíð. Snænarfagras er víða á fjöllum umhverfis Tungnahryggssjökul og áfram suður á Merkigilsfjall við Austurdal. Rauðstör er víða nyrzt á Tröllaskaga á snjóþungum svæðum, en finnst svo einnig inn á öræfunum frá Stafnsvötnum á Giljamúla suður yfir Hraunþúfudrög á Hofsafrétti að Ásbjarnarvötnum. Fjallavorblóm sem víða er á Tröllaskaga hefur aðeins fundizt á Tindastóli vestan fjarðar.

Flestar aðrar fjallaplöntur finnast hins vegar einnig á fjöllum vestan Skagafjarðar, þótt þær séu miklu algengari á fjallgarði Tröllaskagans. Þar mætti nefna jöklaklukkan, fjallafræhyrnu, fjallaþróðu, lotsveifgras, dvergsoley, hreistursteinbrjót og dvergsteinbrjót. Nokkrar eru svo algengar á öllum hærri fjöllum á svæðinu, eins og fjallhæra, jöklasóley og tröllastakkur.

2.3. Hraun í Fljótum.

Sérlega margar sjaldgæfar tegundir hafa fundizt á Hraunum í Fljótum, án þess að auðvelt sé að skýra það. Að vísu er landslag nokkuð fjölbreytt á því svæði, meðal annars vegna framhlaupa í fjallendinu. Í framhlaupum er oft stórgrytisurð, djúpar lautir með snjóældum, og aðrar með tjörnum. Einnig má gera ráð fyrir að þetta svæði hafi snemma verið vel skoðað, þar sem bróðir Ólafs Davíðssonar grasafræðings, Guðmundur, bjó á Hraunum. Bæði var hann vel plöntufróður, og svo skoðaði Ólafur plöntur þarna þegar hann var í heimsókn hjá bróður sínum. Nokkru síðar var Einar B. Pálsson, síðar verkfræðingur, í sveit á Hraunum. En hann hafði mikinn áhuga á plöntuskoðun og fann m.a. fyrstur sífjarsóley á Íslandi í grjótskriðum Torfnafjalls undir Siglufjarðarskarði að vestan árið 1928 (Guðmundur G. Bárðarson 1929).

Mér telst svo til að einar 7 tegundir plantna séu hvergi fundnar í Skagafirði nema á Hraunum eða í nágrenni þeirra. Stóriburkni og dílaburkni eru báðir fundnir í stórgrytisurð framhlaupsins norðan Hrauna. Álfalauk fann Ólafur Davíðsson í Álfalaukstjörn, efst í Hraunadal árið 1902, og sífjarsóley hefur hvergi fundizt í Skagafirði nema í Torfnafjalli eins og áður var getið. Skrautpunktur hefur fundizt á fáeinum stöðum við Hraun, frá vesturhlíðum Illviðrahnjúks inn í Fljót. Eini fundarstaður þrenningarmöðru í Skagafirði er við tjarnir út og niður frá Hraunum, og lónajurt hefur fundizt í Narfatjörn, sjöflæðatjörn neðan við Hraun.

Nokkrar fleiri af sjaldgæfustu tegundum Skagafjarðar eru einnig fundnar á Hraunum, þótt það sé ekki eini fundarstaður þeirra. Fyrirspurn í gagnagrunni plantna á Náttúrufræðistofnun staðfestir einnig að fjölbreytni tegunda er hvergi meiri í Skagafirði en á Hraunum í Fljótum, og er þá miðað við skráningar í 5 x 5 km reitum. Í þeim 25 ferkílómetra reit sem tekur yfir nágrenni Hrauna eru skráðar 248 tegundir háplantna með sömu viðmiðum og notuð voru í inngangi. Það eru áreiðanlega ekki margir staðir á landinu sem geta státað af meiri fjölbreytni.

2.4. Landrænar tegundir í Skagafirði.

Landrænt og hafrænt loftslag hefur líklega áhrif á útbreiðslumynstur fleiri tegunda en nokkur annar þáttur veðurfarsins. Miðja landræns loftslags á Íslandi er í innsveitum frá miðju Norðurlandi austur á Fljótsdalshérað, og á hálendinu þar suður af norðan jökla (2. mynd). Innsveitir Skagafjarðar eru á vesturjaðri þessa svæðis, og ná því margar hinna 35 landrænu tegunda þangað, einkum inn á hálendið inn af Skagafjarðardölum. Nokkrar ná ekki vestar en í Eyjafjörð eins og t.d. fjallalójurt sem ekki hefur sést vestar en á Blástakk á Tröllaskaga, og bjöllulilja sem ekki er vitað um vestar en á Moldhaugnahálsi.

¹ Höfundur mælir með því að nota flóruvefsíðuna www.floraislands.is til þess að lífga upp á þessa grein með myndum og útbreiðslukortum tegunda vegna takmarkaðs rýmis hér á síðunum.

Meðal þeirra landrænu tegunda sem ná til Skagafjarðar má nefna fjórar starir, hvítstör, dvergstör og toppastör sem allar eru nokkuð útbreiddar á hálendinu norðan Hofsjökuls, og finnugsstör sem er sjaldgæf en fundin á nokkrum stöðum austast á Hofsafrétti. Fjallaskarfakál hefur fundizt á Mælifellshnjúk, en er einnig víða uppi á fjallaklasanum sunnan Öxnadalshéiðar, Kinnafjalli, Krókárgerðisfjalli, Gilsbakkafjalli og Merkgilsfjalli. Snækobbi vex einnig á nokkrum þessara fjalla, svo og á Illviðrahnjúkum norðan undir Hofsjökli. Svo við víkjum niður á láglendið má nefna birkifjólú sem vex innan til í Kolbeinsdal, Hjaltadal og Vesturdal, og jafnvel kjarrhveiti, sem þó getur verið álitamál hvort telja beri landræna tegund. Kjarrhveitið hefur fundizt á nokkrum stöðum í Jökulsárgilinu í Austurdal.

Ekki er hægt að skilja svo við kjarrhveitið, að nefna ekki bláhveiti sem líklega er eina tegund landsins sem hefur aðalútbreiðslu sína í Skagafirði (3. mynd). Bláhveitið er ekki eins hávaxið og kjarrhveiti, og hefur minna áberandi týtur í axinu. Það vex á þurrum grasbölum eða gilbrekkum, jafnvel snöggrónum melbrekkum. Það er mjög víða í inndölum Skagafjarðar, allt inn í Þorljótsstaði í Vesturdal og Ábæ í Austurdal og út í Blönduhlíð og Hegranes. Það er líka innan til í Langadal og í Svartárdal í Húnavatnssýslu, og innan til í Eyjafirði. Ingólfur Davíðsson á einkum heiðurinn af því að hafa kannað ítarlega útbreiðslu bláhveitisins á þessu svæði og birti um það ritgerð í Náttúrufraeðingnum (Ingólfur Davíðsson 1961).

2.5. Hitakærar tegundir.

Margar hitakærar tegundir íslensku flórunnar eins og stúfa, hagabrúða, munkahetta og safastör vaxa aðeins við suðurströndina og ná ekkert til Norðurlandsins. Aðrar hafa aðalútbreiðslu við suðurströndina, en stinga sér einnig niður á hlýjstu svæðum Fljótsdalshéraðs og Norðurlands, og ná þá oftast einnig til Skagafjarðar en stundum sjaldgæfar þar. Þetta gildir meðal annars um blákollu, klappadúnurt, skriðuhnoðra og burknana köldugras og liffættu. Algengari eru svo tegundir eins og jarðarber.

Sumar hitakærar tegundir fylgja jarðhitunum til Skagafjarðar eins og selgresi við Reyki í Hjaltadal, græðisúra við flestar laugar, laugabrúða við Gilslaug í Fljótum og Reyki í Hjaltadal, og haustbrúða við Reyki á Reykjaströnd. Hins vegar eru margar jarðhitategundir sem ekki hafa fundizt við laugar Skagafjarðar, enda sumar aðeins þekktar á sunnanverðu landinu.

2.6. Strand- og sjávarfitjategundir.

Sjávarfitjar nefnist gróið land sem sjór fellur yfir þegar hásjávað er. Á þeim vaxa margar tegundir plantna, sem hvergi finnast við aðrar aðstæður. Af þessum tegundum finnum við í Skagafirði skeljamuru, skriðstör, marstör, flæðastör, flæðalófót og sjávarfitjung. Lágarki hefur aldrei verið skráður þar, en afar ólíklegt er að hann finnist ekki á skagfirzkum sjávarfitjum, enda er hann bæði fundinn á Kálffhamarsvík á Skaga og á Siglufirði. Aðrar strandtegundir sem vaxa á sjávarmöl, sandi eða klettum eru hrímblaðka, fjörúkál, skarfakál, fjöruarfi og blálilja. Einnig hefur baunagras fundizt í fjörusandi við fjarðarbotninn.

3. Skipting í flórusvæði.

Í framhaldi af þeim upplýsingum sem fram koma hér að framan má skipta Skagafirði í 4 svæði sem eru mismunandi að tegundasamsetningu flórunnar og fjölbreytni hennar.

- I. Austurströnd Skagafjarðar með útsveitum Tröllaskaga.
- II. Innsveitir Skagafjarðar með Hegranesi og dölunum þar inn af.
- III. Hálendið á milli innstu dala og þaðan inn að Hofsjökli.
- IV. Vesturströnd Skagafjarðar frá Tindastóli út á Skaga.

Svæði I einkennist af mikilli fjölbreytni sem fer vaxandi út eftir og nær hámarki við Hraun í Fljótum þar sem skráðar hafa verið 248 tegundir á 25 ferkílómetra svæði. Einkennandi eru einar 15 útsveitategundir, þær sömu og einkenna útsveitir við Eyjafjörð. Flestar þeirra voru áður taldar í kafla 2.1. Á þessu svæði vantar jafnframt álíka margar tegundir sem einkenna svæði II.

Svæði II einkennist af allmörgum láglendistegundum (laugamaðra, jarðarber, kjarrhveiti, bláhveiti, umfeðmingur, kollstör) ásamt votlendis og vatnategundum (hnotsörvi, hjartanykra, blöðkunykra, langnykra, smánykra, grasnykra, efjuskúfur). Fjölbreytni er allmikil, en minni en á svæði I. Þrír vel skráðir 25 ferkílómetra reitir þar hafa allir um 200 tegundir skráðar.

Fyrir svæði III inni á hálendinu eru nokkrar landrænar en sjaldgæfar fjallategundir einkennandi, meðal annarra hreistursteinbrjótur, snænarfagras, melasól, móanára, snækobbi, finnugsstör, toppastör, dvergstör,

hvitstör og móastör. Athygli vekur hversu mikið er af fjallabruðu á sumum fjöllum, en hún fer hvergi eins langt inn í landið eins og við Skagafjörðinn (4. mynd). Á þessu svæði innihalda tveir vel skoðaðir 5 x 5 km reitir sem ná yfir Reyðarvötn, Orravatnsrústir, Grána og Stórahvamm 125 og 146 tegundir sem er mikil fjölbreytni miðað við hæð yfir sjávarmáli.

Svæði IV skortir að mestu alla þá hópa plantna sem einkenna hin svæðin, og er fjölbreytni flórunnar einna minnst á því svæði, jafnvel minni en á hinu hálenda svæði III. Vel skráðir reitir við Gauksstaði og Fossá á Skaga hafa um 140 tegundir. Við Tindastólinn er fjölbreytni meiri en þetta, en minnkar hins vegar þegar lengra dregur út á Skagann.

2. Heimildir

Bárdarson, G.G. 1929: Ný sóleyjartegund. *Skýrsla hins íslenska Náttúrufræðifélags fyrir árin 1927–1928*, 49.


Davíðsson, I. 1961: Gróðurrannsóknir 1960. *Náttúrufræðingurinn*, 31, 42-44.

Kristinsson, H. 1968: Starir í Austurdal, Skagafirði. *Flóra* 6, 82.


Magnússon, G. 1988: Háplöntuflóra Skagafjarðarsýslu. *Skagfirðingabók*, 17, 93-134.

Sigurðsson, G. 1968: Nýir fundarstaðir plantna í Fljótum. *Flóra*, 6, 26.


Myndir og kort:




1. mynd. Kort sem sýnir útbreiðslu skollakambs á Íslandi.



2. mynd. Kort sem sýnir útbreiðslu landrænna plantna á Íslandi. Þær sem strangastar kröfur gera halda sig við brúnu svæðin í miðjunni, en þær sem minni kröfur gera finnast á hinu bláa, víðara svæði.



3. mynd. Kort sem sýnir útbreiðslu bláhveitis á Íslandi.



4. mynd. Útbreiðsla fjallabruðu á Íslandi. Athygli vekur að hún fer hvergi eins langt inn í landið eins og í Skagafirði. Hún er mikið á fjöllum sunnan Öxnadalshéiðar, Krókárgerðisfjalli, Kjálkafjalli, Merkgilsfjalli og Sandafjalli við Austurdal, einnig í Hraunþúfudrögum.